

Nr. 20-062 S 046 Júlía SI 62***Eldur í vélarúmi***

Skipaskr.nr.: 2110
Smíðaður: Fossplast, 1990, trefjaplast.
Útgerð: Reynir Karlsson
Stærð: 9,70 bt. 5,66 brl.
Mesta lengd: 10,3 m *Skráð lengd*: 9,68 m
Breidd: 3,34 m *Dýpt*: 1,52 m
Vél: Cummins, 187 kW, 1997.
Fjöldi skipverja: 1



Júlía@Arnbjörn Eiríksson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 16. október 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. júní 2020 var strandveiðibáturinn Júlía SI 62 á siglingu inn Siglufjörð. Veður: NA 3 m/s.

Tilkynning kom frá skipstjóra bátsins á VHF 16 að eldur væri laus í vélarúmi bátsins. Við skoðun kom í ljós að staðbundinn eldur hafði verið í alternatornum og slökknaði hann af sjálfum sér. Báturinn Elva Björg SI 84 dró Júlíu til hafnar á Siglufirði.

Við rannsókn kom fram:

- að lega aftan í alternatornum bræddi úr sér og við það myndaðist mikill hiti sem orsakaði það að kviknaði í honum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.